

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, nr. 6/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. 3. másl. verður svohljóðandi: Sé ekki unnt að halda 2 metra fjarlægð skulu starfsmenn og nemendur nota andlitsgrímur, þó er ekki grímuskylda fyrir nemendur í íþróttakennslu.
- b. 4. másl. verður svohljóðandi: Þrátt fyrir 3. másl. skal leitast við að viðhafa 1 metra milli nemenda í kennslu- og lesrýmum en þeir skulu þá nota andlitsgrímu.

2. gr.

3. másl. 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi: Þrátt fyrir 1. másl. skal leitast við að viðhafa 1 metra milli nemenda í kennslu- og lesrýmum en þeir skulu þá nota andlitsgrímu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 18. janúar 2022.

F. h. heilbrigðisráðherra,

Ásta Valdimarsdóttir.

Ásthildur Knútsdóttir.